

Til þolenda

Yfirlýsing vegna siðferðisbrota

Biskup Íslands hefur átt fund með þeim fimm konum sem komu fram saman og lýstu kynferðislegu áreiti, siðferðisbrotum og óásættanlegri hegðun sr. Ólafs Jóhannssonar í samskiptum hans við sig og kærðu hann til úrskurðarnefndar Þjóðkirkjunnar. Eftir að úrskurðarnefndin lauk máli sínu áfrýjaði sr. Ólafur til áfrýjunarnefndar úrskurðarmála. Niðurstaðan var sú að sr. Ólafur braut siðferðilega á tveimur af konunum og er brotunum lýst í niðurstöðu nefndarinnar. Málinu er lokið. Sr. Ólafur hefur verið leystur frá embætti sem sóknarprestur í þjónustu Þjóðkirkjunnar með því að embætti hans var lagt niður í vor. Allar konurnar fimm áttu það sameiginlegt að hafa átt í samskiptum við hann í starfi sínu og þjónustu á kirkjulegum vettvangi þar sem þessi siðferðisbrot voru framin.

Fyrir hönd Þjóðkirkjunnar hörmum við undirrituð, biskup Íslands og vígslubiskuparnir í Skálholti og á Hólum, að þessi brot af hálfu sóknarprestisins, sr. Ólafs Jóhannssonar, hafi átt sér stað og þykir mjög sárt að konurnar hafi þurft að líða fyrir siðferðisbrot af hans hálfu um árabil. Það er óásættanlegt að presturinn hafi brotið siðferðilega á konunum meðan hann var þjónandi prestur í Þjóðkirkjunni og í samskiptum við þær. Það er einnig sárt að þolendum hefur þótt skorta á að hlustað hafi verið á þær eða ekki fylgst með líðan þeirra af hálfu yfirstjórnar kirkjunnar á þeirri leið sem þær þurftu að ganga.

Við trúum frásögnum kvennanna og teljum ólíðandi að persónuleg mörk hafi ekki verið virt, þar með virðing fyrir tilfinningum og einkalífi þeirra. Okkur þykir afar sárt að konurnar, sem komu fram, hafi þurft að ganga í gegnum þá eldraun að verja sín eigin mörk og siðferðiskennd á opinberum vettvangi með kærum og öðrum opinberum hætti. Persónuleg mörk eiga með réttu að vera tryggð í siðareglum Þjóðkirkjunnar og með skýrum reglum um viðbrögð við siðferðis- og agabrotum þeirra sem starfa í kirkjunni. Teljum við rétt að farið verði yfir þær siðareglur og þær bættar í ljósi þessara siðferðisbrota.

Kirkjan á að vera öruggur staður fyrir þau sem leita þjónustu hennar og fyrir þau öll sem veita þjónustuna og koma að kirkjulegu starfi, þannig að það verði þeim sjálfum og öðrum til hjálpar, stuðnings og blessunar. Það er ekki aðeins vilji kirkjunnar heldur og hið eiginlega eðli þeirrar þjónustu sem hún á að veita.

Kirkjan skal leitast við að styðja einstaklinga og samfélag í því að upplýsa og útiloka brot en efla réttlætiskennd, siðgæði og virðingu fyrir mannhelgi. Það er einlæg ósk okkar að þær breytingar sem gerðar hafa verið á reglum um meðferð kynferðisbrota og annarra brota verði til góðs. Siðareglur verði bættar, settar verði reglur um siðanefnd og allt verði gert til að hjálpa og styðja þolendur til að ná fram rétti sínum. Forvarnir verði eflaðar til muna, brot verði stöðvuð og allt starfsfólk kirkjunnar verði meðvitaðra um einkenni eða vísbendingar um siðferðisbrot. Það er hlutverk alls starfsfólks að hlusta og kunna að bregðast við ásökunum með þeim hætti að hið sanna komi í ljós í hverju máli. Við munum beita okkur fyrir því að kirkjan nái að bæta lög og starfsreglur um úrskurðar- og áfrýjunarnefndirnar svo fundin verði betri og virkari úrræði til verndar þolendum kynferðis- og agabrota hið fyrsta. Þegar grunur er um að brot hafi verið framin er forgangsmál að þolendur fái stuðning kirkjunnar í því að koma kærur til lögreglu og annarra óháðra aðila sem hafa rannsóknarheimildir og ákærvald. Kirkjan vill vinna faglega að því að hún verði ávallt öruggur staður að sækja og starfa innan.

Kirkjunni ber að draga lærdóm af þessum atvikum og leggja sig fram um að laga þá ágalla sem komið hafa fram í ferli þessa máls.

Með virðingu og blessunaróskum.

Reykjavík 29. ágúst 2019,

Frú Agnes M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

Sr. Sólveig Lára Guðmundsdóttir
víglubiskup á Hólum

Sr. Kristján Björnsson
víglubiskup í Skálholti